

Styrktarsjóður til eflingar íþróttá- og frístundapátttöku barna og ungmenna í Breiðholti.

- 1.gr. Tilgangur sjóðsins er að styðja við markmið verkefnisins Frístundir í Breiðholti – Tilraunaverkefni til 3 ára. Þau eru að stuðla að aukinni pátttöku barna og ungmenna í íþróttum og frístundum. Samhliða til að auðvelda samfélagslega pátttöku, íslenskunám og félagslega aðlögun barna með mismunandi bakgrunn að íslensku samfélagi. Sjóðurinn er sérstaklega ætlaður börnum og ungmönnum sem talin eru þurfa viðbótarstuðning.¹
- 2.gr. Sjóðnum er ætlað að hjálpa foreldrum pátttakenda að standa straum af auka kostnaði af t.d. pátttöku í viðburðum, kaup og leigu á búnaði. Sjóðnum er einnig ætlað að greiða íþróttá- og frístundaaðilum fyrir umframkostnað vegna pátttöku barna og ungmenna í verkefninu.
- 3.gr. Hægt er að sækja um styrki í sjóðinn allt árið um kring á starfstíma verkefnisins eða þangað til að fjármunir klárast.
- 4.gr. Stjórn sjóðsins er skipuð 3 einstaklingum. Eru þeir eftirtaldir: fulltrúi þjónustumiðstöðvar Breiðholts sem er jafnframt formaður, fulltrúi Íþróttá- og tómsundasviðs og formanni íbúaráðs Breiðholts.
- 5.gr. Hægt er að vísa beiðnum um styrki beint til stjórnar sjóðsins og tekur formaður sjóðsins við þeim. Gert er ráð fyrir að þeir sem koma beint að lífi barna og ungmenna geti sent inn slíkar beiðnir s.s. foreldrar, þjálfarar, leiðbeinendur, kennarar og ráðgjafar.
- 6.gr. Við mat á umsóknir skal stjórn líta til efnahaglegs og félagslegs bakgrunns barna og ungmenna sem óskað er eftir styrk vegna.
- 6.gr. Leita skal eftir samþykki foreldra áður en styrkir eru veittir.
- 7.gr. Umsækjendur staðfesti móttöku styrks og fyrir liggi fyrir hvaða barn og ungmenni hann var notaður og í hvað hann var notaður. Fram komi nafn, kt. og lögheimilisfang.
- 8.gr. Formaður sjóðsins ber ábyrgð á að í lok hvers árs liggi fyrir yfirlit um styrki í sjóðinn sem verði kynnt fyrir stjórn sjóðsins.

Reglur þessar eru útgefnar af þjónustumiðstöð Breiðholts
15.9.2020.

¹ https://reykjavik.is/sites/default/files/12_fristundir_i_breidholti_-_thriggja_ara_tilraunaverkefni_2020-2023_r20050097.pdf